

Uppstillingarnefnd hvetur skáta sem hafa áhuga og hugsjónir fyrir skátastarfi í landinu að skoða þau embætti sem eru laus til kjörs, að gefa kost á sér til starfa og hvetja aðra til þess. Lýsingar á þeim embættum sem kosið er í má finna neðst í þessari tilkynningu.

- Kosning fer fram á Skátapingi og skal vera kosið í embætti skátahöfðingja og þriggja meðstjórnenda á sléttutöluári en í embætti gjaldkera og tveggja meðstjórnenda á oddatöluári
- Við kosningu í stjórn BÍS er kosið sérstaklega um Skátahöfðingja en þrír meðstjórnendur eru kosnir í einni kosningu
- *Kosið verður í ungmennaráð (13 - 25 ára) og áheyrnarfulltrúa ungmenna í stjórn BÍS á ungmennapingi 6. - 8. febrúar.*

Embætti laus til kjörs á Skátapingi 2026:

Fimm meðlimir Uppstillingarnefndar
Löggiltur endurskoðandi reikninga.

Áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS
Fimm sæti í ungmennaráði

Sérstök athygli er vakin á því að ekki er hægt að skila framboðum á þinginu sjálfu.

Uppstillingarnefnd skipa:

Dagbjört V. Brynjarsdóttir, form	s. 862-4605	dagga@mosverjar.is
Ásgeir Ólafsson	s. 844-4069	asgeir@hraunbuar.is
Hafðís Bára Kristmundsdóttir	s. 617-1591	barahafdis@gmail.com
Ingimar Eydal	s. 862-2173	ingimar.eydal@simnet.is

Helstu verkefni embætta og fastaráða

Eftirfarandi eru lýsingar á helstu verkefnum embætta og fastaráða sem kostið verður í á Skátapingi. Athugið að ekki er um tæmandi lista að ræða og eru verkefnin geta verið jafn fjölbreytt og þau eru mörg. Ennfremur starfa ráð oft saman að ýmsum verkefnum.

Stjórn

Skátahöfðingi er formaður stjórnar BÍS og leiðtogi alls skátastarfs í landinu.

Meðstjórnendur (3): Sitja í stjórn BÍS sem skiptir með sér verkum og ber m.a. sameiginlega ábyrgð á starfi stjórnar, ráða og nefnda. Sitja eftir atvikum í fastaráðum samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Áheyrnarfulltrúi ungmenna hefur áheyrnarrétt í stjórn BÍS en ekki atkvæðisrétt. Kosið er í embættið á ungmennapingi.

Fastaráð og aðrar nefndir

Ungmennaráð

Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun eigin skátastarfs og hreyfingarinnar. Kosið er í ráðið á ungmennapingi.

Alþjóðaráð

Alþjóðaráð sinnir samskiptum BÍS við erlend skátabandalög, samtök og erlenda skáta sem óskek eftir upplýsingum um íslenskt skátastarf sem og aðstoðar við innleiðingu verkefnapakka á vegum WAGGGS og WOSM. Þá veitir ráðið íslenskum skátum

upplýsingar um erlent skátastarf svo sem skátamót, námskeið og önnur tækifæri sem geta nýst í starfi.

Starfsráð

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir, sveitarforingja og flokksforingja. Megináhersla ráðsins er að hafa frumkvæði að og fylgja eftir útgáfu og gerð efnis sem styður við skátastarf á Íslandi, með áherslu á dagskrármál, starfsgrunninn og hvatakerfi.

Skátaskólinn

Skátaskólinn sér um skipulag fræðslu fyrir skátaforingja og aðra áhugasama skáta. Stjórn skátaskólans hefur á undanförunum árum unnið að endurskipulagi námskeiðahalds skátanna sem leggur áherslu á leiðtogaþjálfun og hagnýta foringjaþjálfun. Á öllum námskeiðum er unnið með fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiki, virkni þátttakenda, útinám og ígrundun.

Útílífsráð

Hlutverk útílífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útílífs og styðja við þá útílífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.